

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um gjald fyrir krossbandssendingar með póstum, er eigi er nægilega borgað undir. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra póstmeistari, dagsett 27. jan. þ. á, viðvikjandi umkvörtun ritstjóra Valdímars Ásmundssonar yfir því, hve hátt burðargjald er tekið fyrir krossbandssendingar, sem ekki hefur verið borgað undir fyrir fram, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jafnvel þótt heimild sje til eptir lögnum að heimta tvöfalt brjefburðargjald undir óborgaðar krossbandssendingar, þá álit jeg þó rjettast að fylgja eptirleiðis samskonar reglu og þeirri, sem sett er í »Udenrigs Brevposttaxt« frá 1. júlí 1892 bls. 12, 3. málsgr., og tvöfalda að eins þá upphæð, sem vantar á að fullborgað sje undir sendinguna sem krossbandssending, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að haga kröfum eptir því. **50**
20. marz

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um yfirstjórn skrásetningar- og skipamælingarmálefni. (Ágrip). — Samkvæmt allraþegnsamlegustu tilögum ráða neytisins fyrir Ísland, hefur Hans Hátign konunginum þann 20. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja það, að yfirumsjón þeirra málefna, er snerta skipa-skrásetning og skipamæling á Íslandi, skuli falin aðalstjórn skattamálanna. **51**
25. marz

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufubátsferða í Vestfirðingafjórðungi. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra sýslumaður, dagsett 17. f. m., þar sem þjer skýrið frá, að ómögulegt hafi reynzt að koma á í einu lagi gufubátsferðum um Vestfirðingafjórðung og á Húnaflóa, vil jeg hjer með samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu og tillögum yðar veita af fje því, sem í 12. gr. C. b. í fjárlögnum fyrir 1896 og 1897 er veitt til gufubátsferða í Vestfirðingafjórðungi, til gufubátaferða um Ísafjarðardjúp á komandi sumri $\frac{3}{4}$ á móti $\frac{1}{4}$ úr hlutadeigandi sýslu- og bæjarsjóði, allt að 3200 krónum, með því skilyrði, að bátur sá, sem ráðinn verður til þess, ara ferða flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomu-stöðum, án sjerstaks endurgjalds. **52**
10. apr.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri um lán til tóvinnuvjela. — Í þóknanlegum brjefum, dagsettum 12. f. m., hafð þjer, herra sýslumaður og bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar farið þess á leit, að jeg veitti samþykki til þess, að Akureyrarkaupstaður taki 2000 kr. lán til þess ásamt sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu að koma upp tóvinnuvjelum, og í umboði sýslunefndarinnar og bæjarstjórnarinnar beiðst láns til þessa fyrirtækis af viðlagasjóði, að upphæð 12000 kr., gegn ábyrgð sýslufjelagsins að $\frac{5}{6}$ hlutum og bæjarfjelagsins að $\frac{1}{6}$ hluta. **53**
10. apr.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að heimild sú,